

Saman gegn sóun

*– Almenn stefna um úrgangsförvarnir
2016 - 2027*

- Stefna umhverfis- og auðlindaráðherra til næstu 12 ára.
- Níu áhersluflokkar í brennidepli.
- Áhersla lögð á nægjusemi, að nýta betur og minnka sóun.
- Áhersla lögð á fræðslu til að koma í veg fyrir myndun úrgangs.

Markmið stefnunnar eru

- að draga úr myndun úrgangs.
- að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda.
- að bæta nýtingu auðlinda, m.a. með áherslu á græna nýsköpun.
- að draga úr hráefnisnotkun samhliða minni umhverfisáhrifum.
- að minnka dreifingu á efnum sem eru skaðleg heilsu og umhverfi.

Hvernig hefur gengið að uppfylla markmiðin til þessa?

- Síðustu árin hefur dregið úr losun gróðurhúsalofttegunda, m.a. vegna minni urðunar og aukinnar endurvinnslu og annarrar endurnýtingar, svo sem nýtingu metans frá urðunarstöðum.
- Aukin endurvinnsla og endurnýting leiða af sér betri nýtingu auðlinda og samdrátt í hráefnisnotkun samhliða minni umhverfisáhrifum.
- Þróun er í þá átt að minnka notkun á hættulegum efnum, samhliða framförum í meðhöndlun spilliefna.

Hvað þarf að gera?

- Auka sjálfbæra neyslu og stuðla að því að lífshættir haldist í hendur við aðferðir sem auka nýtni. Nýta hluti betur svo þeir verði ekki að úrgangi.
- Draga úr notkun einnota umbúða.
- Stuðla að hönnun vöru með efnum sem ekki eru skaðleg heilsu og umhverfi.
- Auka græna nýsköpun.
- Draga enn frekar úr förgun úrgangs.
- Líta á úrgang sem auðlind sem ber að nýta.

MATVÆLI
2016-2017

TEXTÍLL
2020-2021

BYGGINGAR
2024-2025

2016

2027

PLAST
2018-2019

RAFTÆKI
2022-2023

PAPPÍR
2026-2027

**AUKAAFURÐIR FRÁ VINNSLU KJÖTS OG FISKS
DRYKKJARVÖRUUMBÚIÐIR
STÓRIÐJA
2016-2027**

Hvað eru úrgangsfornir?

Fornir gegn úrgangsmýndun felast í því að nýta auðlindir okkar sem best og að koma í veg fyrir framleiðslu eða notkun ónauðsynlegs varnings. Viðfangsefnið er að þróa samfélag sem hefur skilvirka auðlindanýtingu í fyrirrúmi og að fólk öðlist skilning á gagnsemi fyrirbyggjandi aðgerða sem koma í veg fyrir myndun úrgangs.

Úrgangsfornir fela í sér að draga úr magni úrgangs með breyttri notkun, með endurnotkun eða með því að lengja líftíma vöru og að minnka magn skaðlegra efnasambanda í efnunum og vörum til að úrgangur valdi minni vanda.

Úrgangsfornir varða í ríkum mæli sjálfbæra neyslu, þ.e. hegðun okkar og athafnir á líðandi stundu. Allir geta sem neytendur lagt sitt til úrgangsfornanna með því að staldra við og hugsa hvort ekki sé hægt að nýta hluti lengur, gera við þá eða gefa þá, svo þeir hljóti lengra líf. Á sama hátt geta framleiðendur og dreifingaraðila lagt sitt af mörkum við að markaðssetja vörur sem hafa ásættanlegan endingartíma og mögulegt er að gera við. Lokatakmarkið hlýtur að vera það að enginn úrgangur myndist og að allar vörur sem eru framleiddar séu endurvinnanlegar að öllu leyti til að tryggja hringrás auðlinda.

Hvað er stefna um úrgangsfornir?

Samkvæmt 2. mgr. 5. gr. laga nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs, gefur ráðherra út almenna stefnu um úrgangsfornir til tólf ára í senn sem gildir fyrir landið allt. Stefnan skal taka mið af lögum um meðhöndlun úrgangs og reglugerðum settum samkvæmt þeim og hafa að markmiði að draga markvisst úr myndun úrgangs. Í stefnunni eiga að koma fram markmið um úrgangsfornir, lýsing á þeim ráðstöfunum sem þegar eru fyrir hendi til að minnka úrgang og mat á gagnsemi tiltekinna ráðstafana.

Síðari hluta ársins 2014 vann Umhverfisstofnun tillögu að stefnu um úrgangsfornir. Sú tillaga var send til umsagnar til helstu hagsmunaaðila en einnig fundaði stofnunin með haghöfum. Tillaga Umhverfisstofnunar að úrgangsfornarstefnu var send umhverfis- og auðlindaráðuneyti sem auglýsti drög að stefnu í lok árs 2014. Ráðuneytinu bárust alls 13 umsagnir um úrgangsfornarstefnuna og tekið hefur verið tillit til allnokkra athugasemda. Umhverfis- og auðlindaráðherra hefur samþykkt stefnuna og öðlast hún gildi 1. janúar 2016.

Lög um meðhöndlun úrgangs gera ráð fyrir að ráðherra taki ákvörðun um hvort þörf er á að endurskoða stefnu um úrgangsfornir sex árum frá setningu hennar (næst árið 2022).

Almennar ráðstafanir sem þegar eru fyrir hendi til að uppfylla markmið stefnunnar

- a) Stefna ríkisstjórnarinnar um að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda.
- b) Aðgerðaráætlun í loftslagsmálum 2010-2020.¹
- c) Stefna um vistvæn innkaup og grænan ríkisrekstur 2013-2016.²
- d) Græn skref á vegum ríkis og sveitarfélaga.³
- e) Norræna lífhagkerfið um að draga úr sóun og hámarka nýtingu og ábata af lífrænum afurðum og koma í veg fyrir myndun úrgangs.⁴
- f) Fræðsla, t.d. grænn.is og norrænt efni um úrgangsforvarnir.
- g) Árleg nýtnivika í nóvember.
- h) Nytjamarkaðir.
- i) Umhverfismerki, t.d. Svanurinn og Blómið.
- j) Úrvinnslugjald á ákveðnum vöruflokkum.
- k) Lögbundinn réttur neytenda til að vita hvaða efni eru í vörum.
- l) Umhverfisstjórnunarkerfi fyrirtækja og stofnana.
- m) Ráðstafanir til að draga úr urðun úrgangs.
- n) Gassöfnun á urðunarstöðum.
- o) Upplýsingagjöf á vegum Náttúran.is
- p) Skólar á greinni grein – Græna fánaverkefni Landverndar

Mat á gagnsemi almennra ráðstafana sem þegar eru fyrir hendi

Ef horft er til markmiða stefnunnar og síðustu 20 ára má fullyrða að þær ráðstafanir sem þegar eru fyrir hendi hafi að mörgu leyti gagnast ágætlega. Síðustu sjö árin hefur dregið úr losun gróðurhúsalofttegunda frá úrgangi en á árabílinu 1990–2007 hafði losunin stöðugt aukist.⁵ Mikilvægasti þátturinn í þessari þróun hefur verið samdráttur í urðun úrgangs, samhliða aukinni endurvinnslu og annarri endurnýtingu úrgangsins. Auk þess að stuðla að samdrætti í urðun þá leiða endurvinnsla og endurnýting einnig af sér betri nýtingu auðlinda og samdrátt í hráefnisnotkun samhliða minni umhverfisáhrifum, svo sem nýtingu metans frá urðunarstöðum.

Ýmsar framfarir og þróun í löggjöf hafa síðan átt þátt í að minnka dreifingu á efnum sem eru skaðleg heilsu og umhverfi, svo sem samdráttur í notkun hættulegra efna og framfarir í meðhöndlun spilliefna.

¹ http://www.umhverfisraduneyti.is/media/PDF_skrar/Adgerdaaaetlun-i-loftslagsmalum.pdf.

² http://vinn.is/pdf/Vistvaen_innkaup_og_graenn_rikisrekstur.pdf.

³ <http://www.graenskref.is/>

⁴ <http://www.utanrikisraduneyti.is/media/nordurlandaskrifstofa/ANP2013-769-Grokraft-livskraft-IS.pdf>.

⁵ <https://www.ust.is/library/Skrar/Atvinnulif/Loftslagsbreytingar/ICELAND%20NIR%202014.pdf>

Hins vegar þegar kemur að því að draga úr myndun úrgangs er þróunin ekki í rétta átt. Auka þarf sjálfbæra neyslu og stuðla að því að lífshættir haldist í hendur við aðferðir sem auka nýtni, eins og t.d. að nýta þjónustu í stað vöru, hlutdeild í stað eignarréttar og skapandi hugsunarhátt endurnýtingar og viðgerða.

Flokkar sem lögð verður áhersla á til næstu 12 ára

Áhersla verður lögð á níu flokka á gildistíma stefnunnar. Þessum flokkum er skipt í tvennt; annars vegar sex flokka sem hver um sig verður í forgangi í tvö ár í senn og hins vegar þrjá flokka sem hentar betur að vinna með til lengri tíma. Í umfjöllun um flokkana er upptalning á ýmsum ráðstöfunum sem þegar eru fyrir hendi og tillaga gerð að umhverfisvísi, eða umhverfisvísium, fyrir viðkomandi flokk. Er gert ráð fyrir að Umhverfisstofnun annist utanumhald umhverfisvísanna og sendi upplýsingar um stöðu þeirra á tveggja ára fresti til umhverfis- og auðlindaráðuneytisins. Einnig eru settar fram tillögur að frekari ráðstöfunum sem orðið geta til þess að markmiðum stefnunnar verði náð fyrir viðkomandi flokk. Lögð er áhersla á að einungis er um tillögur að ræða og takmarkast möguleg verkefni ekki við þær.

Þeir sex flokkar sem verða í forgangi í tvö ár í senn eru matvæli, plast, textíll, raftæki, grænar byggingar og pappír. Þessir flokkar voru valdir því þeir höfðu sérstaklega til almennings, félagasamtaka, sveitarfélaga og fyrirtækja. Flokkarnir bjóða upp á mikil tækifæri til að virkja kraft nýsköpunar og til að skapa græn störf. Gert er ráð fyrir að verkefni sem heyri undir þessa flokka verði til úti í samfélaginu og á meðan hver flokkur er í forgangi samkvæmt stefnunni er t.d. mögulegt að sækja um verkefnastyrki til ráðuneytisins fyrir verkefni sem verða til þess að markmiðum stefnunnar verði náð. Ekki eru sett töluleg markmið fyrir flokkana en gert er ráð fyrir að árangur stefnunnar verði metinn að loknu hverju tveggja ára tímabili, með hliðsjón af þróun umhverfisvísa viðkomandi flokks. Fyrir suma þessara flokka eru þegar í gildi markmið sem eiga við þegar úrgangur hefur myndast en í þessari stefnu er áherslan lögð á hluti áður en þeir verða að úrgangi. Matvæli, plast og textíll munu verða í forgangi fyrri sex árin sem stefnan er í gildi, 2016–2021, en hins vegar er meiri sveigjanleiki mögulegur hvað varðar seinni flokkana þrjá, raftæki, grænar byggingar og pappír, sem verða í forgangi 2022–2027. Stefnan verður endurskoðuð að sex árum liðnum frá útgáfu og hluti af þeirri endurskoðun getur falist í endurmati á þörfinni fyrir að setja þessa tilteknu flokka í forgang. Niðurstaðan getur því orðið sú að breyta röð flokkanna eða skipta einhverjum þeirra út fyrir aðra. Vegna þessa er minni umfjöllun um þá þrjá flokka sem fyrirhugað er að verði í forgangi seinni sex árin sem stefnan er í gildi.

Flokkarnir þrír sem hentar betur að vinna með til lengri tíma en tveggja ára eru aukaafurðir frá vinnslu kjöts og fisks, drykkjarvöruumbúðir og stóriðja. Hér er um að ræða flokka sem tengjast sérhæfðri starfsemi þar sem tiltölulega fá fyrirtæki koma við sögu og flokk þar sem hugsanlegt er að breyta gamalgrónu kerfi til að draga úr sóun. Vegna eðlis þessara flokka er gert ráð fyrir að

frumkvæðið hér liggja að meginstefnu til hjá stjórnvöldum. Stjórnvöld leggja áherslu á að búa til hvata til að vinna að markmiðum stefnunnar, svo sem breytingar á lögum og reglum, í samvinnu við atvinnulífið, sem taki virkan þátt. Mikilvægt er að hafa regluverkið skýrt og einfalt til að stuðla að nýtingu hráefna og skapa aukin tækifæri á endurnýtingu og er fyrirhuguð heildarendurskoðun úrgangslöggjafarinnar mikilvægur þáttur í að hrinda þessu í framkvæmd.

Loks er mikilvægt að efla fræðslu til almennings um nauðsyn þess að koma í veg fyrir myndun úrgangs og að flokka og nýta hráefni úr úrgangi til að auka endurnotkun og endurnýtingu.

I) Flokkar sem verða í forgangi í tvö ár í senn

A) 2016–2017

Matur er mannsins megin

Einmitt núna á sér stað mikil umræða um matarsóun og matarúrgang, ekki bara á Íslandi, heldur á Norðurlöndunum og annars staðar í Evrópu. Þess vegna er lagt til að matarsóun verði sá flokkur sem verði í forgangi fyrstu tvö árin af gildistíma stefnunnar. Með því að draga úr myndun matarúrgangs og því magni sem fer til förgunar, um leið og matvælaöryggi er tryggt, er mögulegt að draga umtalsvert úr myndun úrgangs á landsvísu, draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og bæta nýtingu auðlinda.

i) Ráðstafanir sem þegar eru fyrir hendi

- Norræna verkefnið Zero waste⁶ sem Landvernd, Kvenfélagasamband Íslands, Vakandi hreyfingin, Stop spild af mad í Danmörku og Matvett í Noregi standa að; námskeiðið eldað úr öllu með kvenfélögunum og Dóru, hátíðin „Saman gegn matarsóun“ í september 2014, málstofa um matarsóun í nóvember 2014, fræðslumyndbönd um matarsóun, matreiðslubók og heimildarmynd um matarsóun.
- Málþing um matarsóun á Degi umhverfisins í apríl 2014.⁷
- Starfshópur umhverfis- og auðlindaráðuneytisins um að draga úr matarsóun⁸ og eftirfylgni Umhverfisstofnunar með verkefnum sem starfshópurinn lagði til.⁹
- Áhersla Norrænu ráðherranefndarinnar um að minnka matarúrgang um helming fyrir 2020 (m.v. 2012).¹⁰
- 2014 European Year Against Food Waste.¹¹
- Rannsókn á matarsóun í allri virðiskeðju matvæla (samstarf Umhverfisstofnunar og Hagstofu Evrópusambandsins).

ii) Umhverfisvísar

1. Meðalneysla heimila á mat á ári. Leiðrétt er fyrir vísitölu neysliverðs án húsnæðis. Gögn eru aðgengileg hjá Hagstofu Íslands.
2. Magn matarúrgangs sem safnað er, hvort tveggja sérstaklega og með blönduðum úrgangi. Leiðrétt er fyrir íbúafjölda og vergri landsframleiðslu á föstu verðlagi.

iii) Tillögur að frekari ráðstöfunum

- Fræðsla til almennings, m.a. um skilvirkari innkaup, meðferð matvæla sem stuðlar að lengra geymslupoli, mat á því hvort matvæli eru neysluhæf,

⁶ <http://matarsoun.is/>

⁷ <http://www.umhverfisraduneyti.is/frettir/nr/2583>

⁸ <http://www.umhverfisraduneyti.is/frettir/nr/2647>

⁹ <http://www.umhverfisraduneyti.is/frettir/nr/2747>

¹⁰ <http://www.norden.org/is/a-doefinni/greinar/flere-fordele-ved-at-mindske-foedevaraspild-i-norden>

¹¹ <http://www.europarl.europa.eu/news/en/news-room/content/20120118IPR35648/html/Parliament-calls-for-urgent-measures-to-halve-food-wastage-in-the-EU>

geymsluþolsmerkingarnar „notist eigi síðar en“ og „best fyrir“ og um hvernig hægt er að nýta afganga.

- Samstarfsverkefni um minni matarsóun, t.d. með veitingastöðum, öðrum stórelldhúsum, og kaupmönnum.
- Skoðaður verði möguleikinn á uppsetningu kerfis þar sem hægt er að selja matvöru þótt komið sé fram yfir best fyrir dagsetningu.
- Ráðstafanir sem styðja við heimajarðgerð.

B) 2018–2019

Minna plast

Umræða um plastúrgang hefur aukist og nýjustu rannsóknir hafa sýnt að plastúrgangur í hafi skapar hættu fyrir vistkerfi þess og berst inn í fæðukeðjuna. Með því að draga úr myndun plastúrgangs er mögulegt að bæta nýtingu þeirrar auðlindar sem jarðolía er og minnka dreifingu á efnem sem eru skaðleg umhverfinu, t.d. hormónaraskandi efnem.

i) Ráðstafanir sem þegar eru fyrir hendi

- Ráðstefna um plast í hafi, í september 2014.¹²
- Burðarplastpokalaus Stykkishólmur.¹³
- Plastpokalaus Hafnarfjörður.¹⁴
- Blái herinn.¹⁵
- Evrópski hreinsunardagurinn í maí ár hvert.¹⁶

ii) Umhverfisvísar

1. Magn innfluttra og framleiddra plastumbúða sem bera úrvinnslugjald. Leiðrétt er fyrir íbúafjölda og vergri landsframleiðslu á föstu verðlagi. Gögn eru aðgengileg hjá Úrvinnslusjóði.
2. Magn/fjöldi burðarpoka úr plasti sem fara í umferð árlega. Gögn sem eru ekki aðgengileg eins og stendur.

iii) Tillögur að frekari ráðstöfunum

- Samstarfsverkefni með framleiðendum og kaupmönnum um að draga eins og kostur er úr notkun plastumbúða, ónauðsynlegum umbúðum og stuðla að hönnun umbúða taki mið af úrgangsförvörnum.
- Samstarfsverkefni með framleiðendum og kaupmönnum um aðgerðir til að draga úr notkun burðarpoka úr plasti.
- Draga úr notkun einnota mataríláta.

¹² <http://www.ust.is/conference-on-plastics-in-the-marine-environment/>

¹³ <https://is-is.facebook.com/burdarplastpokalaus>

¹⁴ <http://baerinnokkar.is/2014/06/23/plastpokalaus-hafnarfjordur/>

¹⁵ <http://blaiherinn.is/>

¹⁶ <https://www.facebook.com/lets-clean-up-europe>

- Ráðstafanir fyrir annað plast en umbúðir og poka, t.d. notkun örplasts í snyrtivörum.
- Koma í veg fyrir notkun plast sem torvelt eða ómögulegt er að endurvinnna.

C) 2020–2021

Vistvænni textíll

Mögulegt er að minnka dreifingu á efnum í vörum sem standa almenningi hvað næst, auk þess að bæta nýtingu auðlinda. Á síðustu árum hefur vakning orðið í fataiðnaði um efnainnihald í fatnaði og aðra umhverfislega ábyrgð iðnaðarins. Hér gefst tækifæri til að styðja við enn frekari framfarir og vekja áhuga almennings á málefnum.

i) Ráðstafanir sem þegar eru fyrir hendi

- Norrænt verkefni um textílúrgang.¹⁷
- Endurnotkun á vegum Rauða krossins.
- Markaðir og verslanir með notaðan fatnað.
- Málfundur um sjálfbærni í tískuiðnaði.¹⁸

ii) Umhverfisvísar

1. Markaðshlutdeild fatnaðar sem framleiddur er með vistvænum hætti eða inniheldur lítið af skaðlegum efnum. Gögn sem eru ekki aðgengileg eins og stendur.
2. Meðalneysla heimila á fötum á ári. Leiðrétt er fyrir vísitölu neysliverðs án húsnæðis. Gögn eru aðgengileg hjá Hagstofu Íslands.

iii) Tillögur að frekari ráðstöfunum

- Skoðaður verði grundvöllur fyrir samstarfsverkefni með kaupmönnum um að auka markaðshlutdeild fatnaðar sem ber merkingar um vistvæna framleiðslu eða lágt innihald skaðlegra efna, t.d. Svanurinn, GOTS¹⁹ og Tiltro til tekstiler²⁰.
- Styðja við frekari endurnotkun fatnaðar.
- Auka sjálfbærni í tískuiðnaði.

¹⁷ <http://www.norden.org/is/thema/green-growth/atta-verkefni-forsaetisradherranna-um-graenan-hagvoext/utveckling-av-tekniker-och-metoder-foer-avfallshantering/textile-waste-a-future-resource-for-the-nordic-region>

¹⁸ <http://honnunarmars.is/dagskra/sjalbbaerni-i-tiskuidnadi-2014/>

¹⁹ <http://www.global-standard.org/>

²⁰ <http://www.okotex.dk/>

D. 2022-2023

Raftæki

Mikilvægur flokkur þar sem mögulegt er að minnka dreifingu á hættulegum efnum og bæta nýtingu auðlinda. Þróun í raftækjum hefur verið í þessa átt, t.d. fara tækin minnkandi og innihald hættulegra efna sömuleiðis. Sú þróun mun vafalaust halda áfram en til staðar er tækifæri til að virkja almenning betur en nú er gert, t.d. með því að auka nýtni og styðja við endurnotkun á raftækjum. Nýlega voru gerðar breytingar á fyrirkomulagi við meðhöndlun raf- og rafeindatækja og nú bera slík tæki úrvinnslugjald. Með því að setja þennan flokk í forgang að tíu árum liðnum gefst svigrúm til að meta hvaða áhrif breytt fyrirkomulag hefur.

E. 2024–2025

Grænar byggingar

Magn byggingar- og niðurrifsúrgangs hefur ekki verið mikið undanfarin sex ár en hins vegar sýna gögn síðustu 12 ára að góð, marktæk fylgni er á milli magns þess úrgangs sem fellur til og fjölda íbúða sem byggðar eru. Því má búast við að úrgangsmagnið aukist um leið og umsvif á byggingarmarkaðnum aukast. Með því að setja sjálfbæra byggingarstarfsemi í brennidepil má því draga úr myndun byggingar- og niðurrifsúrgangs sem leiðir af sér samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda, bættu nýtingu auðlinda og minnkaða dreifingu á efnum sem eru skaðleg umhverfinu. Í þessum flokki er því mögulegt að ná miklum árangri og hann passar vel við hugmyndafræði græna hagkerfisins.

F. 2026–2027

Minni pappír

Pappírsúrgangur er umtalsverður hluti af þeim úrgangi sem fellur til á Íslandi á hverju ári. Með því að leggja áherslu á þennan pappír er því mögulegt að draga úr myndun úrgangs á landsvísu, draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og draga úr hráefnisnotkun. Hin síðari ár hefur þróunin þó verið hröð í þá átt að færa prentefni yfir á rafræn form og má búast við að sú þróun haldi áfram. Með því að setja þennan flokk í forgang á seinni hluta gildistíma stefnunnar gefst svigrúm til að fylgjast með þróun mála og endurmeta þörfina á að setja þennan flokk í forgang. Til dæmis mætti skoða hvort mögulegt væri að breyta lögum á þann veg að frípóstur væri afþakkaður nema að hans væri sérstaklega óskað.

II) Flokkar sem lögð verður áhersla á til lengri tíma

A) Aukaafurðir frá vinnslu kjöts og fisks

Með því að nýta enn betur þær aukaafurðir sem falla til við vinnslu kjöts og fisks til framleiðslu verðmæta má draga úr myndun úrgangs um rúm 10 þúsund tonn árlega. Samhliða minni urðun þessa úrgangs dregur úr losun gróðurhúsalofttegunda. Hin síðari ár hefur þróunin verið í þá átt að nýta betur afurðir af sláturdýrum og mikil gróska hefur verið í frumkvöðlastarfi í sköpun verðmæta úr fiskúrgangi. Þessi þróun mun vafalaust halda áfram en samt sem áður er talið nauðsynlegt að styðja við hana, t.d. með því að draga úr lagalegum hindrunum.

i) Ráðstafanir sem þegar eru fyrir hendi

- Frumkvöðlastarf í sköpun verðmæta úr fiskúrgangi.
- Þróun í átt að betri nýtingu afurða af sláturdýrum.
- NordBio-verkefni um notkun lífrænna auðlinda til nýsköpunar.
- NordBio-verkefni um nýsköpun í matvælaframleiðslu.²¹
- Endurheimt á orku og áburðarefnum hjá Orkugerðinni ehf. Í Hraungerðishreppur og hjá Moltu hf. á Akureyri.

ii) Umhverfisvísar

1. Magn fiskúrgangs sem sent er til förgunar. Leiðrétt er fyrir heildarfiskafla.
2. Magn sláturúrgangs sem sent er til förgunar. Leiðrétt er fyrir magni framleiddra kjötafurða.

iii) Tillögur að frekari ráðstöfunum.

- Finna fleiri leiðir til að skapa verðmæti úr því sem nú fer í förgun, t.d. með nýtingu skordýra.
- Vinna að því að hrinda úr vegi lagalegum hindrunum.

²¹ <http://www.matis.is/um-matis/frettir/nr/3961>

B) Drykkjarvöruumbúðir

Til staðar er kerfi sem hefur gagnast ágætlega við að stuðla að endurvinnslu drykkjarvöruumbúða en mikilvægt er að skoða möguleikann á frekari endurnotkun drykkjarvöruumbúða. Ef tekst að skipta út einnota drykkjarvöruumbúðum fyrir aðra kosti er mögulegt að draga umtalsvert úr myndun úrgangs og bæta nýtingu auðlinda.

i) Ráðstafanir sem þegar eru fyrir hendi

- Skilagjaldskerfi sem stuðlar að endurvinnslu drykkjarvöruumbúða.

ii) Umhverfisvísar

1. Hlutfall umbúða sem bera skilagjald af heildarmagni umbúða. Gögn eru m.a. aðgengileg hjá Endurvinnslunni hf. og Úrvinnslusjóði.
2. Hlutfall endurnotanlegra umbúða af heildarmagni umbúða sem skilagjald er lagt á. Gögn eru aðgengileg hjá Endurvinnslunni hf.

iii) Tillögur að frekari ráðstöfunum

- Fræðsla til almennings til að draga úr neyslu vatns úr einnota umbúðum.
- Samstarfsverkefni um að draga úr notkun drykkjarvöruumbúða úr efnum sem ekki er hægt að endurvinna.
- Samstarfsverkefni með drykkjarvöruframleiðendum um að draga úr notkun einnota umbúða.
- Auðvelda almenningi að skila drykkjarvöruumbúðum.
- Skoðað verði að fjölga flokkum drykkjarvöruumbúða sem bera skilagjald.

C) Stóriðja

Fyrirtæki í stóriðju hafa unnið að framþróun við meðhöndlun úrgangs í greininni en úrgangur frá stóriðju er samt sem áður stærsti úrgangsflokkurinn á Íslandi. Hér er því tækifæri til að draga mjög úr myndun úrgangs og um leið bæta nýtingu auðlinda.

i) Ráðstafanir sem þegar eru fyrir hendi

- Þróun í meðhöndlun úrgangs að frumkvæði fyrirtækja í iðnaðinum.

ii) Umhverfisvísir

- Magn úrgangs sem fellur til í stóriðju. Leiðrétt er fyrir magni framleiddra afurða.

iii) Tillögur að frekari ráðstöfunum

- Samstarfsverkefni með stóriðjufyrirtækjum.